

orðið vegna þessarar vanrækslu, ber að sýkna hið stefnda félag af öllum kröfum stefnanda skv. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kára Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 27. nóvember 1978.

Nr. 138/1978. Hjördís Guðmundsdóttir

Óskar Guðmundsson

Tómas Guðmundsson

Jón Sigurður Ólafsson

Guðbjörn Ólafsson

Guðmundur Ólafsson og

Þóra Ólafsdóttir

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Eggert Óskarssyni, setuskiptaráðanda

í Rangárvallasýslu,

(enginn)

Grími Magnússyni

Sigríði Magnúsdóttur og

Magnúsi Markússyni

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Kærumál. Skipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Eggert Óskarsson, setuskiptaráðandi í Rangárvallasýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júlí 1978, en þeir fengu vitneskju um hinn kærða úrskurð 19. júlí s. á. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka til opinberra skipta dánarbú Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur. Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðilja Gríms Magnússonar, Sigríðar Magnúsdóttur og Magnúsar Markússonar.

Varnaraðiljar Grímur Magnússon, Sigríður Magnúsdóttir og Magnús Markússon krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu skiptaráðanda hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Kærumál þetta hefur verið flutt munnlega samkvæmt heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

Allmörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. endurrit erfðaskrár, er Tómas Jónsson gerði 8. desember 1879, svo og gögn, sem sýna, að skipti hafa ekki farið fram á dánarbúi Guðmundar Tómassonar og að ekkja hans, Elín Jóhanna Sigurðardóttir, lést 10. október 1978. Gögnin sýna enn fremur, að einkaskipti hafa farið fram á dánarbúi Tómasar Tómassonar og erfðafjárskattur verið greiddur 4. febrúar 1972. Þá kemur og fram, að eiginkona Tómasar, Guðrún Jónsdóttir, hefur látist 1947.

I.

Er Tómas Jónsson, bóndi á Arnarhóli í Vestur-Landeyjahreppi, andaðist 11. október 1945, var dánarbú hans hvorki tekið til skipta né heldur fékk ekkjan, Þórhildur Ólafsdóttir, leyfi til setu í óskiptu búi. Eigi fóru skipti heldur fram, þegar hún lést 16. apríl 1949.

Sameiginlegir lögerfingjar þeirra Tómasar og Þórhildar voru synir þeirra, Guðmundur, fæddur 26. júní 1886, og Þor-

geir, fæddur 5. maí 1896, og svo dóttursonur þeirra, Guðbjörn, fæddur 12. júlí 1911, sonur Ólafiu Tómasdóttur, er var fædd 16. janúar 1888, en dáin 4. september 1911. Þá átti Tómas Jónsson enn fremur á lifi við andlát sitt soninn Tómas, sem fæddur var 24. ágúst 1879. Hann var eigi skilgetinn og átti því ekki lögerfðarétt eftir föður sinn samkvæmt erfðatilskipun 25. september 1850 eða 36. gr. laga nr. 46/1921, sbr. 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Með erfðaskrá, dags. 8. desember 1879, hafði Tómas Jónsson hins vegar gert þá ráðstöfun, að Tómas yngri tæki allan arf eftir sig, nema til væri að dreifa arfgengum niðjum, en þá skyldi hann hljóta arf sem aðrir afkomendur Tómasar í 1. lið eða 1/4 hluta eigna, ef þeir vildu meina honum arfsjöfnuð.

Af hálfu erfingja var ekkert aðhafst, til að lögmælt skipti eftir þau Tómas og Þórhildi færu fram að Þórhildi látinni. Ekki verður heldur séð, að skiptaráðandi hafi gert reka að því að hrinda þeim í framkvæmd. Uppskriftar- og virðingargerð á eignum dánarbúsins fór loks fram 4. júní 1965. Var hún framkvæmd af Ágúst Jónssyni, hreppstjóra Vestur-Landeyjahrepps, ásamt úttektarmanninum Stefáni Guðmundssyni á Eystra-Hóli. Uppskriftargerðin fór fram að tilhlutan Þorgeirs Tómassonar, sem bjó á Arnarhóli og hafði haft umráð eigna dánarbúsins. Var hann einn erfingja viðstaddur uppskriftargerðina. Enn fremur var til hennar mættur Guðjón Jónsson, bóndi í Hallgeirsey, „fyrir hönd Guðmundar Tómassonar samkvæmt hans ósk“, að því er skráð er í úttektar- og virðingarbók. Þá segir og, að hreppstjóri hafi skipað Guðjón til að gæta hagsmuna Tómasar Tómassonar og Guðbjörns Péturssonar. Niðurstaða virðingar var sú, að skuldlaus eign dánarbúsins næmi 5.500 krónum.

Meðal málsskjala er ljósrít erfðafjárskýrslu, sem dagsett er sama dag og uppskrift fór fram. Er erfðafjárskýrslan í samræmi við uppskriftargerðina að því er varðar eignir dánarbúsins og erfingja í því. Undir skýrsluna ritar erfinginn Þorgeir Tómasson svo og fyrrnefndur Guðjón Jónsson „fyrir hönd fjarstaddra erfingja“. Enn fremur Ágúst Jónsson og Stefán Guðmundsson, sem áður eru nefndir. Er í erfðafjár-

skýrslunni miðað við, að þeir fjórir erfingjar, sem þar eru greindir, taki arf að jöfnu eftir þau Tómas Jónsson og Þórhildi konu hans, enda þótt Tómas Tómasson ætti ekki arfs-tilkall eftir Þórhildi, svo að séð verði.

Dánarbúi Þorgeirs Tómassonar og Guðbjörns Péturssonar hafa verið tekin til opinberra skipta, en skiptum er ekki lokið. Engin erfðakrafa hefur verið gerð við meðferð búa þessara í dánarbúi Tómasar og Þórhildar. Dánarbúi Tómasar Tómassonar hefur verið skipt einkaskiptum, og var erfða-fjárskattur greiddur 4. febrúar 1972. Í uppskriftar- og virð-ingargerð í búi hans 27. desember 1971 er ekki getið neinnar erfðakröfu í bú Tómasar Jónssonar. Samkvæmt gögnum máls og málflutningi verður við það að miða, að skipti á dánarbúi Guðmundar Tómassonar og eiginkonu hans, Elínar Jóhönnu Sigurðardóttur, hafi ekki farið fram. Skiptum er lokið í dán-arbúi Guðjóns Ólafs, sonar Guðmundar Tómassonar, en hann lést 24. desember 1975. Við þau skipti kom ekki fram, að neinn áskilnaður væri gerður um ógreiddan arf eftir Tómas og Þórhildi.

Með bréfi 2. ágúst 1972 beiddist Jón Hjaltason hæstaréttar-lögmaður þess vegna þeirra Hjördísar Guðmundsdóttur, Guð-jóns Ólafs Guðmundssonar, Óskars Guðmundssonar og Tómasar Guðmundssonar, barna Guðmundar Tómassonar, að skiptaráðandi Rangárvallasýslu léti „fara fram lögleg skipti í dánarbúi foreldra föður þeirra, Tómasar Jónssonar, og Þórhildar Ólafsdóttur“. Í bréfinu segir enn fremur, að synir Tómasar Tómassonar, þeir Guðmundur, Jón og Elías, „muni einnig styðja beiðni þessa um búskipti“. Eru þeir í hinum kærða úrskurði taldir meðal skiptabeiðenda. Er þó raunar ekki einsýnt af málgögnum, að ætlun þeirra hafi verið sú að gera gagngert kröfu um búskipti, og ekki hafa þeir fyrir sitt leyti skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar.

Eins og nánar er greint í hinum kærða úrskurði, var fyrr-nefnd skiptabeiðni fyrst tekin fyrir í skiptaréttinum 28. júní 1977. Var þá Guðjón Ólafur Guðmundsson látinn, eins og fyrr segir. Þau fjögur börn hans, sem í úrskurðinum eru talin meðal skiptabeiðenda, munu hafa verið talin koma í

stað föður síns. Eru það sóknaraðiljarnir Jón Sigurður Ólafsson, Guðbjörn Ólafsson, Guðmundur Ólafsson og Þóra Ólafsdóttir. Hafa þau öll skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar í eigin nafni. Voru þó tvö þeirra, þau Guðmundur, fæddur 5. ágúst 1958, og Þóra, fædd 14. desember 1961, þá enn ólögráða og því hvorki bær til að fara með málsefnið fyrir skiptaréttinum né skjóta úrskurði hans til Hæstaréttar.

Auk framangreindra fjögurra barna átti Guðjón Ólafur Guðmundsson soninn Óskar Elvar Guðjónsson, en ekki er hann meðal sóknaraðilja málsins og eigi heldur ekkja Guðmundar Tómassonar, Elín Jóhanna Sigurðardóttir.

II.

Á það verður að vísu að fallast með sóknaraðiljum, að skiptameðferð á dánarbúi þeirra Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur hafi verið ábótavant í ýmsum greinum. Því hefur þó ekki verið hnekkð, sem skráð er í úttektar- og virðingarbók hreppstjóra við uppskriftargerð, er fram fór að tilhlutan eins erfingjans 4. júní 1965, að Guðmundur Tómasson hafi haft umboðsmann sinn við gerð þessa. Sá umboðsmaður, Guðjón Jónsson, undirritaði erfðafjárskýrslu, sem skiptaráðanda var afhent sama dag. Verður að ætla, að skiptaráðandi, sem veitti athugasemdalaust viðtöku erfðafjárskýrslunni og erfðafjárskatti samkvæmt henni, hafi litið svo á, að einkaskiptum dánarbúsins væri þar með lokið. Ekkert er heldur komið fram um, að Guðmundur Tómasson, sem lifði í rúm tvö ár eftir þetta, hafi álitid annað. Þá er og þess að gæta, að eins og fyrr segir, hefur dánarbú Guðmundar Tómassonar ekki tekið til skipta. Reisa þó sóknaraðiljar kröfur sínar á erfðatilkalli eftir hann og að nokkru leyti son hans Guðjón Ólaf. Þegar allt þetta er virt, verður krafa sóknaraðilja um, að bú Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur verði tekið til skipta, ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður svo og kærúmálskostnaður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i**Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.**

Uppskriftargerð hreppstjóra 4. júní 1965 fór fram eftir 2. kapitula í lögum nr. 3/1878 og var þess vegna hluti af opinberum skiptum á dánar- og félagsbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, en byggja verður á, að um fjármál þeirra hafi farið eftir lögum nr. 3/1900. Ekki var slíkum skiptum þó fram haldið, og ekkert var bókað í skiptabók Rangárvallasýslu um eignir Tómasar og Þórhildar og meðferð þeirra. Útgáfa afsalsins og gerð erfðafjárskýrslunnar benda til, að eignunum hafi verið skipt einkaskiptum. Þegar lítið er til þess, að tekið var við erfðafjárskatti og afsalið þinglesið athugasemdalaust, þykir verða að byggja á því, að skiptaráðandi hafi selt erfingjum búið í hendur til einkaskipta eftir 74. gr. laga nr. 3/1878 og að slík skipti hafi síðan farið fram 4. júní 1965.

Tómas Tómasson, Guðbjörn Pétursson og báðir synir Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur voru á lífi 1965. Áttu þau ekki aðra erfingja. Ljóst er, að þeir hafa vitað, að uppskrift fór fram. Engin krafa varðandi búskiptin var tekin til úrskurðar, og ekkert málskot átti sér stað. Ekki hreyfðu þessir menn heldur athugasemdum um skipti á eignum Tómasar og Þórhildar með öðrum hætti, svo að fram sé komið, að öðru leyti en því, að Guðbjörn Pétursson stóð að kröfu þeirri, sem hér er til athugunar, þegar hún var sett fram 1972.

Vegna þess, sem nú hefur verið rakið, verða skipti þau á eignum Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, sem fram fóru 4. júní 1965, ekki tekin upp að nýju.

Krafan um skipti er fyrir Hæstarétti sett fram af mönnum, og tekið er til varna af mönnum, sem ekki eru erfingjar Tóm-

asar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur. Þeir hafa þó hagsmuna að gæta og mega því standa að máli þessu, enda er krafa sóknaraðilja studd rökum, sem skiptaráðandi ætti að taka til greina af sjálfsdáðum, ef þau hefðu lagastoð.

Við munnlegan flutning máls þessa lýsti Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður yfir því, að hann væri umboðsmaður Aðalbjargar Jónsdóttur f. h. ófjárráða dóttur hennar, Þóru Ólafsdóttur, og einnig umboðsmaður Guðmundar Ólafssonar, sem nú er fjárráða. Þóru og Guðmundar var getið sem kær- enda í bréfi lögmannsins til skiptaráðanda í Rangárvallasýslu 29. júlí 1978, og voru þau þó bæði ófjárráða á þeim degi. Móður þeirra var ekki getið sem lögráðamanns, sem færi með mál þeirra. Vegna yfirlýsingar Jóns lögmanns Hjaltasonar ber að mínu áliti að telja Guðmund og Aðalbjörgu f. h. Þóru fara með málið við hlið annarra sóknar- aðilja.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að stað- festa beri hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til. Þó tel ég, að málskostnaður eigi að falla niður í héraði og einnig kær- málskostnaður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 12. júlí 1978.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. júní sl., er um það deilt, hvort taka skuli til opinberrar skiptameðferðar dánar- og félagsbú hjónanna Tómasar Jónssonar, er andaðist 11. október 1945, og Þórhildar Ólafsdóttur, er andaðist 16. apríl 1949, síðast til heimilis að Arnar- hólí I í Vestur Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Tómas Jónsson var fæddur 2. júní 1847 að Heylæk í Fljótshlíð. Þórhildur Ólafsdóttir var fædd 9. september 1857 að Gerðum í Vestur Landeyjahreppi. Þau gengu í hjúskap 1. október 1881. Börn þeirra voru:

1. *Ólafía*, fædd 16. janúar 1888, dáin 4. sept. 1911. Sonur hennar var Guðbjörn Júlíus Pétursson, fæddur 12. júlí 1911, dáinn 27. janúar 1977. Hann var barnlaus.

2. *Þorgeir*, fæddur 5. maí 1896, dáinn 17. okt. 1971. Kona hans var Þóra Þorsteinsdóttir, fædd 26. sept. 1884, dáin 3. ágúst 1966. Þorgeir átti ekki niðja, en Þóra átti mörg börn.

3. *Guðmundur*, dáinn 12. október 1967. Hann átti 4 börn: Ólaf,

Óskar, Tómas og Hjördísi. Þrjú síðasttalín eru á lífi, en börn Ólafs, sem er látinn, eru: Jón Sigurður Ólafsson, fæddur 23. ágúst 1954, Guðbjörn Ólafsson, fæddur 22. nóv. 1956, Guðmundur Ólafsson, fæddur 5. ágúst 1958, Þóra Ólafsdóttir, fædd 14. des. 1961. Þau eru öll til heimilis að Hólagötu 38, Vestmannaeyjum.

4. Tómas, dáinn 15. sept. 1971, átti Tómas Jónsson með Elínu Sigurðardóttur, fyrir giftingu. Synir Tómasar Tómassonar eru: Elías, Guðmundur og Jón, búsettir að Uppsölum í Hvolhreppi.

Skiptabeiðendur og sóknaraðilar máls þessa eru afkomendur Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, börn Guðmundar Tómassonar, Vestmannaeyjum, Óskar Guðmundsson, Reykjavík, Tómas Guðmundsson, Ólafsvík, börn Ólafs Guðmundssonar, þau Jón Sigurður Ólafsson, Guðbjörn Ólafsson, Guðmundur Ólafsson og Þóra Ólafsdóttir, sem öll eru búsett í Vestmannaeyjum. Enn fremur eftirtaldir afkomendur Tómasar Jónssonar og Elínar Sigurðardóttur, synir Tómasar Tómassonar, fyrrum bónda að Uppsölum í Hvolhreppi, þeir Elías Tómasson, Guðmundur Tómasson og Jón Ó. Tómasson, allir til heimilis að Uppsölum í Hvolhreppi.

Varnaraðilar máls þessa eru Sigríður Magnúsdóttir, Borgar-eyrum, Vestur Eyjafjallahreppi, Grímur Magnússon, Egilsgötu 3, Reykjavík, og Magnús Markússon, Rauðarárstíg 13, Reykjavík. Sigríður og Grímur eru börn Þóru Þorsteinsdóttur, eiginkonu Þorgeirs Tómassonar á Arnarhóli I, og eru því erfingjar í dánar- og félagsbúi þeirra hjóna. Magnús Markússon er bréferfingi í því sama búi.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að dánar- og félagsbúi þeirra Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur frá Arnarhóli I í Vestur Landeyjahreppi verði tekið til opinberrar skipta-meðferðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er gerð krafa til þess, að synjað verði um framkomna beiðni um skipti dánarbúsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Með bréfi, dags. 2. ágúst 1972, fóru sóknaraðilar þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu, að fram færu lögleg skipti í dánar- og félagsbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, Arnarhóli, Vestur Landeyjahreppi. Kváðust sóknaraðilar vita, að dánarbúið væri eigandi jarðar og jarðarhúsa að Arnarhóli í Vestur Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Bréf þetta var lagt fram í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 16. október 1972 við upphaf opinberra skipta í dánarbúi Þorgeirs Tómassonar og Þóru Þorsteinsdóttur, sem búið höfðu á Arnarhóli í Vestur Landeyjahreppi.

Opinberra skipta á því búi hafði áður verið krafist af einum varnaraðilja þessa máls, Magnúsi Markússyni, sem gerði kröfu til að taka allan arf í búinu sem bréferfingi á grundvelli gagnkvæmrar erfðaskrár hjónanna Þorgeirs Tómassonar og Þóru Þorsteinsdóttur, dags. 20. mars 1942. Jafnframt lá þá fyrir önnur erfðaskrá, var það arfleiðsluskrá Þorgeirs Tómassonar, dags. 16. september 1971, en samkvæmt henni skyldi Magnús Markússon erfa kr. 150.000, en allar aðrar eigur, lausar og fastar, hverju nafni sem nefnast, skyldu ganga til Guðbjörns Péturssonar, Arnarhóli, Vestur Landeyjahreppi.

Samkvæmt uppskriftargerð í dánarbúi Þorgeirs Tómassonar er jarðeignin Arnarhóll I í Vestur Landeyjahreppi ásamt húsum talin til eigna búsins, en því hafa sóknaraðilar í máli þessu ávallt mótmælt.

Við skiptameðferð í dánarbúi Þorgeirs Tómassonar var samþykkt, að úrskurður skyldi ganga um gildi arfleiðsluskrár þeirra Þóru Þorsteinsdóttur og Þorgeirs Tómassonar frá 20. mars 1942. Með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 14. september 1973, var erfðaskrá þessi metin ógild. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 18. mars 1976, var sá úrskurður staðfestur.

Hinn 28. júní 1977 var krafa sóknaraðilja um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur tekin til meðferðar sem sérstakt mál fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 28. júlí 1977, vék hinn reglulegi skiptaráðandi í Rangárvallasýslu sæti ex officio í málinu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 25. ágúst 1977, var Eggert Óskarsson fulltrúi skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari.

Lagt hefur verið fram í máli þessu staðfest endurrit úr úttektar- og virðingarbók Vestur Landeyjahrepps af uppskrift í dánarbúi Tómasar Jónssonar, svohljóðandi:

„Árið 1965, föstudaginn 4. júní, voru mættir að Arnarhóli I í Vestur Landeyjahreppi hreppstjórinn Ágúst Jónsson, Sigluvík, og úttektarmaður Vestur Landeyjahrepps Stefán Guðmundsson, bóndi, Eystri Hól, til að skrifa upp og virða dánarbú Tómasar

Jónssonar, fyrrum bónda á Arnarhóli, er andaðist 11. október 1945.

Erfingjar búsins eru eftirtaldir 3 synir hins látna og 1 fóstursonur

1. Tómas Tómasson, bóndi á Uppsölum í Hvolhreppi.
2. Guðmundur Tómasson, Bergstöðum, Vestmannaeyjum.
3. Þorgeir Tómasson, bóndi, Arnarhóli.
4. Guðbjörn Pétursson, dóttursonur Tómasar.

Allir erfingjar eru fullveðja. Erfingjar búsins voru ekki viðstaddir nema Þorgeir Tómasson. Guðjón Jónsson, bóndi í Hallgeirsey, mætti fyrir hönd Guðmundar Tómassonar, samkvæmt hans ósk. Til að gæta hagsmuna Tómasar og Guðbjörns skipaði hreppstjóri Guðjón Jónsson. Þorgeir sagði til eigna og skulda. Fór því næst uppskrift fram.

Eignir:

- | | |
|---------------------------|--------------|
| 1. Arnarhóll I | kr. 18.600,- |
| 2. Fénaðarhús | kr. 2.200,- |
| 3. 1/3 hluti Gerðar | kr. 5.000,- |

Kr. 25.800,-

Skuldir búsins:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Skuld við Þorgeir Tómasson, kaupgreiðsla fyrir
33 ár | kr. 20.000,- |
| 2. Uppskriftarkostnaður | kr. 300,- |

Kr. 20.300,-

Skuldlaus eign búsins kr. 5.500,-

Fleira kom ekki til uppskriftar. Bókun upplesin og samþykkt. Uppskrift lokið.

Ágúst Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

Þorgeir Tómasson.

Guðjón Jónsson.“

Til staðar er erfðafjárskýrsla í dánarbúi þessu, dags. 4. júní 1965, og er hún útfyllt í samræmi við framangreinda uppskrift og undirrituð af sömu aðiljum að því viðbættu, að fyrir ofan nafnritun Guðjóns Jónssonar er ritað „Fyrir hönd fjarstaddra erfingja.“ Samkvæmt erfðafjárskýrslu þessari er erfðafjárskattur samtals kr. 72.48. Samkvæmt aukatekjubók ársins 1965 við emb-

ætti sýslumanns Rangárvallasýslu hefur erfðafjárskatturinn verið greiddur hinn 5. júní 1965. Sama dag var innritað í afsals- og veðmálabækur embættisins án athugasemda svofellt skiptaafsal:

„Við dánarbússkipti eftir Tómas Jónsson, Arnarhóli í Vestur Landeyjahreppi, sem andaðist 11. okt. 1945, tilféll syni hans Þorgeiri Tómassyni, Arnarhóli, jörðin Arnarhóll I ásamt tilheyrandi mannvirkjum og 1/3, einn þriðji, jarðarinnar Gerða í arfa hlut.

Arnarhóli, 4. júní 1965.

Guðjón Jónsson, Þorgeir Tómasson.“

Í yfirlýsingu sóknaraðilja, sem dags. er 15. október 1972, segir svo:

„Við undirritaðir erfingjar í dánarbúi Tómasar Jónssonar, f. 2. júní 1847, d. 11. okt. 1945, og konu hans, Þórhildar Ólafsdóttur, f. 9. sept. 1857, d. 16. apríl 1949, frá Arnarhóli, V-Landeyjum, Rangárvallasýslu, sem nú vorum að fá vitneskju um tilvist svo nefnds „skiptaafsals“, sem talið er eignarheimild fyrir jarðeignunum Arnarhóli I og Gerðum í Landeyjum, dags. 4. júlí 1965, þinglýst 5. júlí 1965, útgefnu af Guðjóni Jónssyni og Þorgeiri Tómassyni, mótmælum þessu plaggi sem markleysu og þinglýsingu þess sem lögleysu.

Guðjón Jónsson var ekki og er ekki aðili að skiptum í dánarbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur. Ekki vitum við til, að honum hafi verið veitt umboð til að gæta hagsmuna erfingja við skipti í búi þessu og allra síst umboð til að afsala jarðeignum dánarbúsins til Þorgeirs Tómassonar. Þorgeir var einn af erfingjum Tómasar og Þórhildar, en hafði engin umboð til að taka hluti hinna erfingjanna undir sig. Engin skipti hafa farið fram í téðu dánarbúi og ekki vitað til, að það hafi verið tekið fyrir enn. Var því löglæst hjá sýslumanni Rangárvallasýslu að þinglýsa plaggi þessu athugasemdalaust, sbr. 9. gr. laga um þinglýsingu skjala og aflýsingu, nr. 30, 7. maí 1928.

Að svo vöxnu máli, er krafa okkar, að framangreint plagg, svo kallað „skiptaafsal“, verði nú tafarlaust afmáð úr embættisbókum Rangárvallasýslu. Fáist þetta ekki fram nú, er þetta liggur ljóst fyrir, er fullur bótaréttur áskilinn okkur úr hendi þinglýsingarvaldsmanns, sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og ríkissjóðs, og annarra þeirra, er kynnu að andmæla, auk alls kostnaðar, er af málssókn kynni að leiða, ef óhjákvæmileg yrði til að fá plaggið ógilt með dómi.“

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna eftir því sem ástæða þykir til:

Fyrir dóminn kom hinn 8. maí 1978 Ágúst Jónsson hreppstjóri, Siglufvík, Vestur Landeyjahreppi. Hann skýrði frá því, að Þorgeir Tómasson, bóndi á Arnarhóli, hafi leitað til sín á árinu 1965 og óskað þess að fá útgefið vottorð þess efnis, að Þorgeir væri eigandi að jörðinni Gerðum í Vestur Landeyjahreppi að 1/3 hluta, en Þorgeir mun þá hafa haft í hyggju að kaupa 2/3 hluta þeirrar jarðar og þurfti að útvega sér jarðakaupalán. Ágúst kvaðst ekki hafa viljað gefa út slíkt vottorð, þar sem hann hafi komist að því, að búi Tómasar Jónssonar, föður Þorgeirs, væri óskipt og fleiri ættu því tilkall til arfs. Ágúst kvaðst ekki gefa út slíkt vottorð fyrr en búskipti hefðu farið fram, og þess vegna fór Þorgeir þess á leit við hann, að búið yrði skrifað upp. Ágúst kvaðst hafa boðað erfingja til uppskriftargerðarinnar, sem fram fór 4. júní 1965. Hann kvaðst hafa talað við Guðmund Tómasson í síma og skýrt honum frá því, að til stæði að skrifa búið upp, Guðmundur hafi sagt, að hann mundi biðja Guðjón Jónsson, bónda í Hallgeirsey, að mæta fyrir sína hönd við uppskriftina. Ágúst sagði, að Guðmundur hafi ekki skýrt sér frá því, hvað nánar fælist í umboði Guðjóns, og mun Guðmundur sjálfur hafa talað við Guðjón og beðið hann að mæta. Ágúst kvaðst sjálfur hafa farið heim til Tómasar Tómassonar að Uppsölum og boðað hann til uppskriftargerðarinnar. Þá hafi Tómas verið orðinn aldraður og varla ferðafær. Tómas hafi látið þau orð falla, að það væri ekki til mikils fyrir sig að gera tilkall til arfs í búi föður síns, enda langt síðan hann hefði farið burtu af heimilinu. Ágúst sagði, að Tómas hefði ekki óskað þess, að einhver mætti sín vegna við uppskriftina. Ágúst kvaðst hafa beðið Guðmund Tómasson, þegar þeir töluðu saman símléiðis, að láta Guðbjörn Pétursson vita um uppskriftargerðina, en Guðbjörn var þá í veri í Vestmannaeyjum. Ágúst sagði, að á uppskriftardegi hafi umboð Guðjóns Jónssonar til að mæta fyrir Guðmund Tómasson ekkert frekar komið til umræðu og ekki hafi Guðjón lagt fram skriflegt umboð. Ágúst kvaðst hafa skýrt aðilljum frá því, sem voru viðstaddir uppskriftina, að hann mundi afhenda sýslumanni afrit uppskriftargerðar og að þeir þyrftu að fara þangað til að ganga endanlega frá búskiptum og greiða erfðafjárskatt. Ágúst kvaðst ekki hafa verið beðinn um að ganga frá skiptum. Ágúst kvaðst ekki hafa séð skiptaafsalið fyrr, dskj. nr. 4, og ekki vita um tilurð þess. Ágúst sagði, að Stefán Guð-

mundsson úttektarmaður hafi komið með sér og að sinni tilhlutan til að skrifa upp búið. Ágúst upplýsti, að Guðjón Jónsson væri sjúklingur og ekki fær um að tjá sig. Ágúst skýrði frá því, að Þorgeir Tómasson hafi búið á Arnarhóli alla sína ævi, fyrst með foreldrum sínum og hafi tekið við búinu, er þau létu af búskap, og rak það síðan sjálfur. Ágúst lýsti því yfir, að skoða bæri uppskriftargerðina sem uppskrift á dánar- og félagsbúi þeirra hjóna Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur.

Vitnið Ágúst Jónsson kom að nýju fyrir dóm hinn 27. júní sl., en í millitíðinni hafði erfðafjárskýrslan, dskj. nr. 8, komið í leitirnar. Hann kannaðist við að hafa útfyllt erfðafjárskýrsluna að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa skrifað nafn og dánardægur Þórhildar Ólafsdóttur á framhlið skýrslunnar og ekki hafa sett inn á skýrsluna tölur um erfðafjárskatt á bakhlið hennar. Ágúst taldi, að hann hefði útfyllt erfðafjárskýrsluna að beiðni Þorgeirs Tómassonar, það hafi verið gert á Arnarhóli strax að lokinni uppskrift hinn 4. júní 1965. Ágúst kvaðst telja, að hann hafi skrifað undir erfðafjárskýrsluna ásamt Stefáni Guðmundssyni úttektarmanni í því skyni að staðfesta þannig tölurnar samkvæmt uppskriftinni, sem voru innfærðar á skýrsluna.

Vitnið Stefán Guðmundsson úttektarmaður kom fyrir dóm 8. maí 1978. Hann kvaðst hafa verið sem úttektarmaður hreppsins tilkvaddur af hreppstjóra til að vera við þessa uppskriftargerð, og kvaðst hann ekkert vita um búskiptin að öðru leyti. Stefán kvaðst hafa vitað, að Guðjón Jónsson hafi mætt við uppskriftina f. h. Guðmundar Tómassonar, en kvaðst ekki hafa haft hugmynd um það, hversu umboði hans var háttað.

Sama dag kom fyrir dóm sóknaraðilinn Elías Tómasson. Hann kvaðst minnst þess að hafa heyrt það á sínum tíma, að til stæði að skrifa dánarbú Tómasar Jónssonar upp. Hann kvaðst telja að Ágúst Jónsson hreppstjóri hafi komið heim og boðað Tómas föður sinn til uppskriftargerðarinnar, en Elías tók það fram, að hann hafi þá ekki verið sjálfur heima. Hann kvaðst ekki minnst þess að hafa rætt þetta mál við föður sinn, hvorki uppskriftina né búskiptin. Hann kvaðst ekki geta sagt um það, hver hafi verið afstaða föður síns í sambandi við arf og búskipti í búi Tómasar Jónssonar.

Hinn 27. júní 1978 kom fyrir dóminn sóknaraðilinn Jón Ólafur Tómasson. Hann lýsti því yfir, að hann og bræður hans hafi gerst aðiljar að þessu máli á sínum tíma, eingöngu í því skyni að tryggja

hagsmuni Guðbjörns Péturssonar sem erfingja í búinu. Jón kvaðst ekki vita til þess, að faðir sinn hafi verið boðaður til uppskriftargerðarinnar að Arnarhóli 1965. Hann kvaðst ekki vita til þess, að faðir sinn hafi ætlað að gera kröfu í bú þeirra Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, og taldi Jón það reyndar vera fráleitt, að hann hafi ætlað sér það, en Jón tók það fram, að þetta hafi aldrei sér vitanlega komið til tals á heimili sínu.

Sama dag kom fyrir dóm sóknaraðilinn Guðmundur Óskar Tómasson. Hann kvaðst ekki vita til þess, að faðir sinn hafi verið boðaður til uppskriftargerðarinnar að Arnarhóli 4. júní 1965. Guðmundur sagði, að faðir sinn hafi ekki ætlast til þess að fá arf úr búinu, en tók fram, að þetta hafi ekki verið rætt sérstaklega á heimili sínu. Guðmundur taldi, að faðir sinn hafi ætlast til þess, að arfahlutur sá, sem honum hefði borið úr búinu, rynni til Þorgeirs Tómassonar, sem annast hafði þau Tómas Jónsson og Þórhildi Ólafsdóttur. Guðmundur tók það fram, að þetta væri sín persónulega skoðun, því þetta hefði aldrei komið til tals.

Aðrir sóknaraðiljar máls þessa hafa ekki komið fyrir dóm, enda hafa aðiljar málsins ekki leitað eftir því.

Loks kom fyrir dóminn hinn 27. júní sl. vitnið Eggert S. Haukdal bóndi, Bergþórshvoli, Vestur Landeyjum. Hann sagði, að sér hafi lengi verið kunnugt um þetta mál. Þorgeir Tómasson hafi verið nágranni sinn og mikill vinskapur milli heimila þeirra. Eggert sagði, að sér hafi verið um það kunnugt, að Guðjón Jónsson frá Hallgeirsey hafi mætt við uppskriftina vegna Guðmundar Tómassonar og Guðbjörns Péturssonar. Hann kvaðst engin plögg hafa séð í þessu sambandi, en Guðjón Jónsson hafi sagt sér þetta sjálfur. Eggert sagði, að Guðjón hafi sagt sér það, að Guðmundur Tómasson hafi hringt í sig og beðið sig að vera fyrir sig og fyrir Guðbjörn líka. Hann sagði, að Guðjón Jónsson hafi að sínu mati haft umboð frá Guðmundi Tómassyni til að ganga frá skiptum í búinu fyrir hans hönd, en Eggert tók þó fram, að hann hafi ekkert skriflegt séð um þetta.

Eggert kvaðst hafa þekkt Guðmund Tómasson og oft hafa rætt við hann. Eggert sagði, að í viðræðum við Guðmund hafi það komið fram, að hann teldi, að Þorgeir ætti eignir dánarbúsins, vegna þess að hann hefði séð um gömlu hjónin. Sama hafi Guðbjörn Pétursson sagt sér eftir honum og Guðbjörn hafi haft sömu skoðun. Aðspurður sagði Eggert, að Guðbjörn hafi sagt sér það, að Guðmundur Tómasson hafi beðið Guðjón Jónsson að mæta fyrir

þá báða, Guðmund og Guðbjörn. Varðandi undirskrift Guðbjörns Péturssonar á yfirlýsingunni, dags. 15. október 1972, dskj. nr. 5, sagði vitnið Eggert Haukdal í því sambandi, að ástæðan fyrir afstöðu Guðbjörns varðandi eignarheimild Þorgeirs fyrir jörðunum Arnarhóli og Gerðum hafi verið sú, að fyrir lá erfðaskrá til meðferðar í dánarbúi Þorgeirs Tómassonar, en samkvæmt henni átti Guðbjörn ekkert að fá úr dánarbúinu. Eggert sagði, að Guðbjörn hafi alla tíð unnið fyrir heimilið að Arnarhóli og reyndar haldið því heimili uppi árum saman, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Þótt Guðbjörn hafi ekki verið kröfuharður maður, þá hafi hann ekki getað sætt sig við að fá ekki neitt og beri því að skoða undirskrift Guðbjörns undir þessa yfirlýsingu í ljósi þess. Aðspurður kvaðst Eggert hafa heyrt það haft eftir Tómasi Tómassyni, að hann væri á svipaðri skoðun og Guðmundur Tómasson varðandi afstöðu til Þorgeirs og eigna dánarbús Tómasar Jónssonar. Hann tók það fram, að hann hafi aldrei rætt við Tómas Tómasson um þessi mál, en taldi, að Guðbjörn hefði skýrt sér frá þessu.

EKKI ÞÓTTI ÁSTÆÐA TIL, AÐ VARNARAÐILJAR KÆMU FYRIR DÓM Í MÁLI ÞESSU.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðilja er á því byggt, að lögleg skipti í dánar- og félagsbúi þeirra Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur hafi aldrei farið fram. Nokkru eftir að sóknaraðiljar hafi beðið um skipti með bréfi, dags. 2. ágúst 1972, hafi þau komist að því, að þinglýst hafi verið svonefndu „skiptaafsali“, dags. 4. júní 1965, sem eignarheimild Þorgeirs Tómassonar fyrir jörðinni Arnarhóli I og 2/3 hluta jarðarinnar Gerða í Vestur Landeyjahreppi. Allir þá lifandi erfingjar dánarbúsins hafi þegar í stað þinglýst yfirlýsingu, dags. 15. október 1972, þar sem þeir mótmæltu þessu plaggi sem markleysu og þinglýsingu þess sem lögleysu. Segir m. a. í yfirlýsingunni, að Guðjón Jónsson, sem meðundirritaði plaggið, hafi ekki verið aðili að skiptum í dánarbúinu. Enginn þessara erfingja hafi vitað til, að honum hafi verið veitt umboð til að gæta hagsmuna erfingja við skipti í búinu, og allra síst að afsala jarðeign dánarbúsins til Þorgeirs, sem heldur hafði ekkert umboð til að taka hluti hinna erfingjanna undir sig. Engin skipti hafi verið tekin fyrir í dánarbúinu. Hafi því verið löglaut hjá sýslumanni Rangárvallasýslu að þinglýsa þessu plaggi athugasemda-laust, sbr. 9. gr. laga um þinglýsingu skjala og aflýsingu nr. 30/1928.

Engin mótmæli hafi komið fram gegn efni þessarar yfirlýsingar, sem var athugasemdalest innfærð til þinglýsingar í Vestur Landeyjahreppi 10. nóv. 1972.

Í uppskriftargerðinni séu réttilega taldir upp erfingjar búsin. Erfingjar hafi ekki verið viðstaddir uppskrift nema Þorgeir Tómasson. Uppskriftin gefi til kynna eignir búsin, svo ekki verði um villst, Arnarhól I, fénaðarhús og 1/3 hluti Gerða, sem allt sé metið á kr. 25.800. Svo séu taldar skuldir búsin, kaupgreiðsla til Þorgeirs Tómassonar fyrir 33 ár, kr. 20.000. Enginn erfingja hafi verið tilkvaddur að samþykkja þessa kaupgreiðslukröfu, sem þó hefði verið nauðsynlegt, ef leggja átti það til grundvallar í skiptum. Sóknaraðiljar gera ráð fyrir því við væntanleg skipti búsin, að þar sem Guðbjörn Pétursson sé nú fallinn frá barnlaus, komi ekkert í þann hlut af eignum búsin, sbr. 3. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og sama sé að segja um Þorgeir, sem nú sé fallinn frá barnlaus. Úr því sem komið sé virðist einsýnt, að jarðeignin skiptist nú að jöfnu á milli niðja Guðmundar og niðja Tómasar. Við munnlegan flutning málsins var sú málsástæða sóknaraðilja ítrekuð, að engin skipti hefðu átt sér stað í búi þessu. Engin skiptagerð lægi fyrir og erfðafjárskýrslan sem slík gæti ekki talist skiptagerð. Enginn erfingi hafi fengið arf sinn greiddan. Erfðafjárskýrslan hafi verið undirrituð af Guðjóni Jónssyni, sem ekki hafi haft til þess umboð, en sönnunarbyrði þar um hvíli á varnaraðiljum. Af þessu sé ljóst, að skipti liggi ekki fyrir og engin formleg skjöl um það.

Varnaraðiljar byggja kröfur sínar á því, að skiptum á dánar- og félagsbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur sé lokið. Þorgeir Tómasson hafi tekið við búi að Arnarhóli fyrir andlát foreldra sinna. Muni búið að sögn ekki hafa neitt nálægt því átt fyrir skuldum á dánardægri þeirra hjóna. Þorgeir muni hafa greitt skuldir búsin og hafi verið svo komið 1965, þegar uppskrift fór fram, að búið sé skuldlaust um annað en laun til hans. Við uppskrift á búinu hinn 4. júní 1965 voru mættir Þorgeir Tómasson og Guðjón Jónsson, sem hafi mætt í umboði Guðmundar Tómassonar, eins og bókað sé. Skiptabeiðendur vefengi umboð Guðjóns Jónssonar á þeirri forsendu, að erfingjar hafi ekki verið boðaðir til uppskriftarinnar. Enn fremur sé umboðið vefengt á þeirri forsendu, að skiptabeiðendur hafi ekki vitað til, að Guðjóni hafi verið veitt umboðið. Það hafi hingað til ekki verið skilyrði fyrir umboði, að börn umbjóðenda viti, að hann hafi veitt umboð. Sönn-

unarbyrði um vefengingu umboðs þessa hvíli því á beiðendum, sóknaraðiljum málsins. Þá hafi hreppstjórinn skipað Guðjón Jónsson til að gæta hagsmuna Tómasar Tómassonar og Guðbjörns Péturssonar. Guðbjörn hafi á þessum tíma verið í Vestmannaeyjum hjá Guðmundi Tómassyni og muni hið rétta vera, að Guðjón Jónsson hafi einnig mætt fyrir Guðbjörn eftir beiðni hans. Tómas Tómasson muni ekki hafa viljað mæta, þar sem hann hafi talið eignirnar vera eign Þorgeirs og hafi engin afskipti viljað hafa af skiptunum. Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að skiptum hafi í raun verið lokið strax eftir andlát Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur. Hafi eignarhald Þorgeirs Tómassonar verið virt og viðurkennt af öllum og megi jafnframt benda á, að ekki vanti mikið á 1965, að Þorgeir hafi haldið jörðinni fullan hefðartíma. Skiptum hafi lokið í síðasta lagi 4. júní 1965. Þá benda varnaraðiljar einnig á, að allir erfingjarnir hafi verið á lífi 1965 og lengur og hafi ekki gert athugasemd við þinglýsta yfirlýsingu. Það séu ekki erfingjar Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, sem geri nú athugasemdir við yfirlýsinguna. heldur erfingjar þeirra Guðmundar og Tómasar Tómassonar.

Um Guðbjörn Pétursson sé það að segja, að hann hafi verið erfingi Þorgeirs Tómassonar samkvæmt erfðaskrá. Hann hafi sagt til eigna í því dánarbúi og talið þar með jörðina Arnarhól I. Ekki hafi hann verið í minnsta vafa um, að jörðin væri eign Þorgeirs og skiptum lokið í dánarbúi Tómasar og Þórhildar. Allir erfingjar Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur séu nú látnir. Varnaraðiljar ítreka það, að af hálfu erfingja hafi aldrei komið fram nein krafa um upptöku skipta þessara, enda muni þeir allir hafa talið þeim lokið. Við munnlegan flutning málsins rökstuddu varnaraðiljar kröfu sína enn frekar. Ekki sé vafi á því, að skipti hafi farið fram, fyrir liggi erfðafjárskýrsla, sem sýni, að einkaskipti hafi átt sér stað með formlegum hætti. Spurning sé aðeins um það, hvort taka eigi skiptin upp aftur, þar sem umboð Guðjóns Jónssonar sé vefengt, en það sé sóknaraðilja að sanna, að umboðið hafi verið ógilt. Skiptaafsalið sé skiptagerningur í búinu og Guðjón Jónsson hafi verið réttur ráðstafandi þessara eigna samkvæmt umboði sínu, enda beri að snúa sönnunarbyrðinni við í þessu máli að því er umboð þetta snerti.

Niðurstaða.

Svo sem fyrr er rakið, fór fram hinn 4. júní 1965 uppskrift á dánar- og félagsbúi hjónanna Tómasar Jónssonar og Þórhildar

Ólafsdóttur að Arnarhóli I í Vestur Landeyjahreppi. Uppskrift þessi fór fram að frumkvæði Þorgeirs Tómassonar, en ekki hafði komið fram krafa um uppskrift eða búskipti af hálfu annarra erfingja. Guðjón Jónsson frá Hallgeirsey í Austur Landeyjahreppi mætti við uppskrift þessa, að því er virðist í umboði Guðmundar Tómassonar, og var hann jafnframt skipaður af hreppstjóra til þess að gæta hagsmuna annarra erfingja búans, þeirra Tómasar Tómassonar og Guðbjörns Péturssonar. Undir rekstri máls þessa kom í leitirnar erfðafjárskýrsla dánarbúsins, og var erfðafjárskattur samkvæmt henni greiddur á skrifstofu Rangárvallasýslu hinn 5. júní 1965. Þorgeir Tómasson undirritaði skýrsluna svo og Guðjón Jónsson f. h. fjarstaddra erfingja. Sama dag var innfært í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu skiptaafsal sem eignarheimild Þorgeirs Tómassonar fyrir jörðinni Arnarhóli I í Vestur Landeyjahreppi og 1/3 hluta jarðarinnar Gerða í sama hreppi. Afsal þetta er undirritað af þeim Þorgeiri Tómassyni og Guðjóni Jónssyni.

Umboð Guðjóns Jónssonar í þessu sambandi svo og eignarheimild Þorgeirs Tómassonar fyrir jarðeignum þessum er vefengt af sóknaraðiljum máls þessa.

Eignarheimild Þorgeirs Tómassonar til ofangreindra jarða var ekki, svo vitað sé, vefengd, meðan hann lifði. Ekkert hefur komið fram, sem bendir til þess, að samerfingjar hans hafi ætlað sér að gera kröfu til arfs úr búinu, enda bera gögn málsins vott um hið gagnstæða. Ekki komu fram athugasemdir af hálfu samerfingja vegna uppskriftar dánarbúsins, og þinglýst skiptaafsal sætti ekki mótmælum af þeirra hálfu, og mátti þeim þó um hvort tveggja vera kunnugt. Telja verður, að þeir hafi með þessu tómlæti sínu í raun afsalað sér arftökurétti úr búinu og þannig viðurkennt fullan eignarrétt Þorgeirs Tómassonar til fasteigna búans. Jafnframt felst í þessu staðfesting á gildi einkaskipta í búinu, sem sóknaraðiljar eru bundnir af.

Öðrum þæði má líta til þess, að ekki hafa verið bornar brögður á, að Þorgeir Tómasson hafi haft full umráð og óslitið eignarhald yfir jarðeigninni Arnarhóli I og 1/3 hluta jarðarinnar Gerða í Vestur Landeyjahreppi allt frá andláti móður sinnar, er lést 16. apríl 1949, sem teljast verður raunverulegt hefðarhald. Þar sem engin breyting varð í reynd á þessum umráðum hans þrátt fyrir uppskrift og eftirfarandi skipti, verður ekki talið, að hefðarhald Þorgeirs Tómassonar hafi rofnað af þessum sökum, sbr. 4. gr.

hefðarlaga nr. 46/1905. Þessu til frekari áréttingar má og benda á, að tilgangur uppskriftar og skipta virðist hafa verið sá að afla Þorgeiri Tómassyni formlegrar heimildar til þeirra eigna, sem hann taldi sig þegar eiganda að. Samkvæmt þessu verður að telja, að Þorgeir Tómasson hafi þannig í raun haft téðar jarðeignir í umráðum sínum fullan hefðartíma, og getur því eignaréttur hans einnig byggst á hefð, sem fullnuð varð hinn 16. apríl 1969, er 20 ár voru liðin frá andláti móður hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga.

Beiðni sóknaraðilja er því of seint fram komin, hvernig sem á málið er litið. Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að synja ber kröfu sóknaraðilja, Hjördísar Guðmundsdóttur, Óskars Guðmundssonar, Tómasar Guðmundssonar, Jóns Sigurðar Ólafssonar, Guðmundar Ólafssonar, Þóru Ólafsdóttur, Elíasar Tómassonar, Guðmundar Tómassonar og Jóns Ó. Tómassonar, um opinber skipti á dánar- og félagsbúi þeirra Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur, þar sem eignum búans hefur þegar verið ráðstafað með lögformlegum hætti.

Í samræmi við þessa niðurstöðu þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðiljum, Sigríði Magnúsdóttur, Grími Magnússyni og Magnúsi Markússyni, kr. 120.000 í málskostnað.

Meðferð máls þessa dróst nokkuð í upphafi hjá setudómara vegna mikilla embættisanna um þær mundir.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Hjördísar Guðmundsdóttur, Óskars Guðmundssonar, Tómasar Guðmundssonar, Jóns Sigurðar Ólafssonar, Guðbjörns Ólafssonar, Guðmundar Ólafssonar, Þóru Ólafsdóttur, Elíasar Tómassonar, Guðmundar Tómassonar og Jóns Ó. Tómassonar, um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Tómasar Jónssonar og Þórhildar Ólafsdóttur er synjað.

Sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðiljum, Sigríði Magnúsdóttur, Grími Magnússyni og Magnúsi Markússyni, kr. 120.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.